



Kröftug verðhækkun á botnfiski á þriðja ársfjórðungi

Verð íslenskra sjávarafurða mælt í erlendri mynt hækkaði um 3,1% á þriðja ársfjórðungi borið saman við fjórðunginn á undan samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands. Þetta er annar fjórðungurinn í röð sem verðið hækkar milli fjórðunga. Verðið lækkaði verulega þegar faraldurinn skall á og náði ákveðnu lágmarki á fyrsta fjórðungi þessa árs. Verðið hafði hækkað nokkuð hratt síðustu fjórðungana áður en faraldurinn skall á og náði hámarki á fyrsta fjórðungi 2020. Enn vantar 3,5% upp á að verðið í dag nái því hámarki.


Verðhækkunin skýrist einungis af hækkun botnfisks en verð á uppsjávarfiski lækkaði. Verð á botnfiski hækkaði um 5,9% milli fjórðunga en verðið á uppsjávarfiski lækkaði um 11%. Þessi verðhækkun á botnfiski var kröftug en svo mikil hækkun hefur ekki mælst síðan á fjórða ársfjórðungi 2007. Verð á botnfiski vantar nú 3,3% upp á að ná sínu fyrra hámarki á fyrsta fjórðungi 2020. Verðlækkunin á uppsjávarfiski var einnig verulega kröftug en svo brött lækkun hefur ekki mælst síðan á fyrsta fjórðungi 2008 en þá var lækkunin einnig 11%. Það eru mun minni verðsveiflur í botnfiskverði en verði uppsjávartegunda.

Mikil hækkun á ferskum þorskafurðum


Þorskurinn er langmikilvægasta útflutningsvara íslensks sjávarútvegs og þess vegna hefur verðþróun í þorski töluvert mikil áhrif á verðþróun á öllum þeim botnfiski sem fluttur er frá landinu. Nú á þriðja fjórðungi varð methækkun í verði á ferskum þorski mælt í erlendri mynt. Þannig mældist 15,4% hækkun sem skýrist væntanlega einkum af aukinni eftirspurn frá erlendum veitingahúsum sem eru óðum að vakna til lífs á ný eftir skerta starfsemi vegna faraldursins.

Verð á landfrystum þorski lækkaði aftur á móti um 2,1% og hefur núna lækkað um samtals 10,7% á síðustu tveimur fjórðungum. Verð á söltuðum þorski hækkaði lítillega, eða um 0,1%. Verðþróun á þessum þremur afurðategundum hefur verið æði misjöfn frá því fyrir faraldur. Þannig var verð á ferskum þorski 17% hærra nú á þriðja fjórðungi en á fyrsta fjórðungi

Verð íslenskra sjávarafurða



Verð á þorskafurðum






síðasta árs. Verð á bæði landfrystum þorski og söltuðum var hins vegar töluvert lægra á þriðja fjórðungi en á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Verðið var 3,2% lægra á landfrystum afurðum en 10,4% á söltuðum. Þessi hækkun á ferskum þorski nú er í ágætu samræmi við þróun síðustu ára sem hefur einkennst af mun meiri verðhækkun á ferskum þorskafurðum en frystum eða söltuðum.

Heimsmarksverð kjöts hefur jafnað sig en verð á íslenskum botnfiski er enn lágt

Heimsmarkaðsverð flestra hrávara lækkaði verulega þegar faraldurinn braust út. Það átti einnig við um heimsmarkaðsverð matvæla sem lækkaði um tæplega 7% á milli fyrsta og annars ársfjórðungs í fyrra. Verð byrjaði síðan að hækka aftur á þriðja fjórðungi og var um 29% hærra en það var áður en faraldurinn hófst. Heimsmarkaðsverð á kjöti lækkaði einnig á öðrum fjórðungi í fyrra og hélt áfram að lækka á þeim þriðja. Síðan hefur það hækkað en var á þriðja fjórðungi þessa árs 12% hærra en fyrir faraldur. Þrátt fyrir þessar verðhækkanir á botnfiski frá Íslandi á öðrum og þriðja fjórðungi er verðið á honum enn lægra en það var á fyrsta fjórðungi í fyrra.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.